

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 161/2019

frá 14. júní 2019

## um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúins rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr föstum rafknúnum rofbúnaði <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og á vottun fyrirtækja að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2068 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir merkimiða fyrir vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir <sup>(4)</sup>.
- 5) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2065 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 <sup>(5)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 6) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2066 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 <sup>(6)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 7) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2067 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 <sup>(7)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 39.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 17.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 3.

- 8) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2068 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 <sup>(8)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 9) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

##### *1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 9ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007):  
„**32015 R 2068:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2068 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir merkimiða fyrir vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 39).“
2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 9bd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008):  
„**32015 R 2067:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og á vottun fyrirtækja að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 28).“
3. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 9bf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008):  
„**32015 R 2066:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúns rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr föstum rafknúnum rofbúnaði (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 22).“
4. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 9bi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008):  
„**32015 R 2065:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 14).“

##### *2. gr.*

Viðauka XX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21aqa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007):

---

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 25.

„**32015 R 2068**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2068 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir merkimiða fyrir vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 39).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21aqd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008):

„**32015 R 2067**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2067 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, og kælieiningar í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, og á vottun fyrirtækja að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 28).“

3. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21aqf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008):

„**32015 R 2066**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2066 frá 17. nóvember 2015 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun einstaklinga sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu rafknúns rofbúnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða sem endurheimta flúoraðar gróðurhúsalofttegundir úr föstum rafknúnum rofbúnaði (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 22).“

4. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21aqi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008):

„**32015 R 2065**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2065 frá 17. nóvember 2015 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 14).“

### 3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/2065, (ESB) 2015/2066, (ESB) 2015/2067 og (ESB) 2015/2068, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019 <sup>(9)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

### 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

\* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(9)</sup> Óbirt.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Claude Maerten***

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING